

Mál nr. 404/2011
M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um líkamstjón (orsakatengsl) af völdum umferðarslyss.

Gögn.

156. Málskot, móttækið 30.9.2011, ásamt fylgigögnum.

157. Bréf X, dags. 11.10.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 3.4.2007 var M farþegi í bifreiðinni A sem lenti í árekstri við aðra bifreið. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Samkvæmt læknisvottorði frá spítalanum fékk M einkenni frá hálsi og baki, einnig væg eymsli eftir bílbelti. Við skoðun var hún með eymsli yfir hálsvöðvum vinstra megin en hreyfingar voru eðlilegar. Þá voru eymsli eftir beltið og í „L-hrygg“. Við skoðunina vaknaði ekki grunur um brot. M fékk ráðleggingar og útskrifaðist. Hún mun ekki hafa leitað aftur á slysa- og bráðadeildina vegna afleiðinga slyssins.

Hinn 5.10.2010 leitaði M á heilsugæslustöð vegna verkja í vinstri öxl. Kvaðst M hafa haft verki í öxlinni allar götur frá slysinu, en hafi verið slæm á árinu 2010 og sé nú mjög versnandi. Hinn 7.4.2011 leitaði M til bæklunarskurðlæknis og að hans tilhlutan var sama dag framkvæmd ómskoðun af öxlinni. Í áliti læknisins segir að ómskoðun sýni kalk sem venjulega flokkist sem sjúkdómur og er mjög algeng orsök axlarverkja hjá fólki. Til að tengja þessi einkenni slysi verði að vera staðfest eymsli á axlarsvæði í kjölfar slyss á fyrstu dögum eða vikum sem orsakast þá af tognun eða blæðingu í mjúkvefi eða liðum. Einkenni M séu einnig frá hálsi og baki sem lýst er í upphafi slyss og hafa þannig mun sterkara orsakasamband við slysið, en við skoðun hjá læknum kvaðst M einnig vera með verki vinstra megin í baki og mjóbaki sem hún hafi fundið fyrir allengi.

A var ábyrgðartryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin matsgerð liggur fyrir í málinu þar sem lagt er mat á það hvort og í hve miklum mæli M hafi orðið fyrir líkamlegum skaða í slysinu 3.4.2007. Eftir að M leitaði á slysa- og bráðadeild Landspítalans sama dag og slysið varð verður ekki séð að hún hafi leitað aftur til læknis vegna þeirra einkenna sem hún rekur til slyssins fyrr en 5.10.2010 og svo til bæklunarlæknis 5.4.2011. Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins verður gegn neitun X ekki talið sannað að M búi við einkenni sem rakin verða til slyssins. Eins og málið er í pottinn búið telst M ekki eiga rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 1. nóvember 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.